

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 135/2011

2012/EES/15/13

frá 2. desember 2011

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og  
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2011 frá 30. september 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/114/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 87/372/EBE um tíðnisvið sem taka á frá fyrir samræmda opnun almenns Evrópufarsíma innan Bandalagsins <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 1. lið (tilskipun ráðsins 87/372/EBE) í XI. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 L 0114:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/114/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 25).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/114/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 3. desember 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 2. desember 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 318, 1.12.2011, bls. 39, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 65, 1.12.2011, bls. 12.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 25.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.